

UPPHAFSTÓNLEIKAR

Ilan Volkov, hljómsveitarstjóri
Vikingur Heiðar Ólafsson, einleikari



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2010/11



AÐALSTYRK TARÁÐILAR

BORGUN



Morgunbladið



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói föstudaginn 10. september 2010 kl. 19:30

Ilan Volkov, hljómssveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson, einleikari

UPPHAFSTÓNLEIKAR

György Ligeti

Concert românesc (1951)

Andantino –

Allegro vivace –

Adagio ma non troppo –

Molto vivace

Franz Liszt

Mefistö-vals nr. 1 (1859–62)

Franz Liszt

Totentanz (1838–49)

Hlé

Sergei Rakmaninoff

Rapsódía um stef eftir Paganini (1934)

Ígor Stravinskij

Eldfuglinn, svíta (1910/1919)

Inngangur –

Eldfuglinn dansar –

Prinsessudans –

Vítisdans Kastseis konungs –

Vöggulag –

Lokadans



RÁS 1

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og síðan aðgengilegir í eina viku á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsínum á meðan tónleikum stendur.



Ilan Volkov fæddist í Ísrael árið 1976 og hóf tónlistarnám ungur að árum. Hann varð aðstoðarstjórnandi Northern Sinfonia á Englandi 19 ára gamall og árið 1997 tók hann við samskonar stöðu við hlið Seijis Ozawa við Sinfóníuhljómsveitina í Boston. Hann var valinn aðalstjórnandi skosku BBC-hljómsveitarinnar árið 2003 og var þá yngsti stjórnandinn til að hreppa slíka stöðu við bresku útvarpshljómsveitirnar. Hann stýrði hljómsveitinni meðal annars á Proms- og Edinborgarhátíðunum, og lagði sig fram um að kynna nýja tónlist meðan hann gegndi stöðunni, nú síðast

nýjan sellókonsert eftir Unsuk Chin með einleikaranum Alban Gerhardt á Proms-hátíðinni 2009.

Volkov lét af starfinu í Skotlandi á síðasta ári og ferðast nú um heiminn sem gestastjórnandi. Meðal þeirra hljómsveita sem hann stýrir reglulega eru Fílharmóníuhljómsveitirnar í Ísrael, München og Rotterdam, Sinfóníuhljómsveitin í Birmingham, Orchestre de Paris og Þjóðarhljómsveitin í Washington. Volkov er einnig mikils metinn óperustjóri, hefur stýrt Lundúnafílharmóníunni í *Draumi á Jónsmessunótt* eftir Britten á Glyndebourne-hátíðinni, *Peter Grimes* við Þjóðaróperuna í Washington og *Evgéní Ónégin* við San Francisco-óperuna.

Volkov hljóðritar fyrir Hyperion-útgáfuna og hlaut Gramophone-verðlaunin 2009 fyrir hljóðritun sína af hljómsveitarverkum Benjamins Britten. Á nýjustu diskum hans er að finna verk eftir Stravinskíj og Janáček, og hafa þeir einnig hlotið afbragðs viðtökur gagnrýnenda. Volkov er búsettur í Ísrael og hefur meðal annars stofnað þar tónlistarklúbbinn Levontin 7, þar sem leikin er jöfnum höndum klassísk tónlist, djass, rokk og elektróník.



Síðan Víkingur Heiðar Ólafsson (1984) lauk námi undir handleiðslu Roberts McDonald við Juilliard-skólann vorið 2008 hefur hann fengist við fjölbreytileg margvísleg verkefni, ferðast sem einleikari og kammermúsikant, umritað íslensk sönglög fyrir einleikspíanó, hljóðritað fyrir BBC, kennt meistara-námskeið og komið fram með flytjendum á borð við Martin Fröst og Björk.

Víkingur hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir leik sinn, m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin tvívegis sem flytjandi ársins, Bartók-konsertverðlaun Juilliard skólans árið 2008, Íslensku bjartsnýsiverðlaunin 2009, auk þess sem honum hafa verið veittir styrkir úr Minningarsjóði um Birgi Einarson, Minningarsjóði Gunnars Thoroddsen, Jean Pierre Jacquillat styrkinn og úr Tónlistarsjóði Rótarý. Víkingur var yngsti flytjandinn í hópi þeirra sem tilnefndir voru til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2009.

Víkingur einsetur sér að panta og frumflytja nýjan píanókonsert á hverju ári. Hann hefur þegar frumflutt Píanókonsert nr. 2 eftir Snorra Sigfús Birgisson (2006), Processions eftir Daníel Bjarnason (2009) og fyrsta píanókonsert Hauks Tómassonar (2010). Víkingur hefur einnig frumflutt einleiks- og kammerverk eftir Mark-Anthony Turnage, Ólaf Axelsson og Atla Heimi Sveinsson.

Í október mun Víkingur hljóðrita annan einleiksgeisladisk sinn í Gewandhaus tónlistarhúsinu í Leipzig. Á honum verður að finna prelúdíur Chopins og partítur Bachs en hann kemur út hjá Hands on Music, útgáfufyrirtæki Víkings. Af öðrum verkefnum framundan má nefna tónleika með Martin Fröst í Svíþjóð og Þýskalandi, tónleika með Denis Bouriaikov í Carnegie Hall, auk tónleika undir stjórn Vladimirs Ashkenazy.


Á heimasíðu Víkings, www.vikingurolafsson.com, er hægt að hlusta á tónlist, fylgjast með því sem er á döfinni og horfa á myndskreið með leik hans.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem Rúmenskur konsert Ligetis hljómar á tónleikum hér á landi. Áður hefur SÍ flutt tvö verka hans, fiðlukonsert árið 2000 og San Francisco Polyphony, einnig undir stjórn Ilans Volkov, árið 2005.

GYÖRGY LIGETI

Rúmenskur konsert




Árin eftir síðari heimsstyrjöldina voru framsæknum tónskáldum austurblokkarinnar þung í skauti. Nýjar tónsmíðar urðu helst að sækja innblástur í þjóðlagastef eða einfalda verkamannasöngva, ellegar átti höfundurinn á hættu að vera settur á svartan lista. Ungverska tónskáldinu György Ligeti (1923–2006) tókst misjafnlega vel að laga eigin sköpunarkraft að óbilgjörnum reglum stjórnvalda. Að fáeinum einföldum kórútsætningum undanskildum samdi hann mestmegnis fyrir skúffuna á árunum 1949–55, meðal annars röð framúrstefnulegra píanóverka sem ber heitið *Musica ricercata*.

Rúmenskur konsert (1951) var tilraun til að feta hefðbundnari slóð. Tónlistin er gjörólík því sem Ligeti fékkst við á sjöunda áratugnum, þegar hann skipaði sér í framvarðasveit framsækinnar tónsköpunar. Í konsertinum byggir Ligeti að hluta á gömlum efniviði, þjóðlögum sem hann hafði heyrt í hljóðritunum sem geymdar voru á Þjóðfræðastofnuninni í Búkarest. Þjóðlög þessa landshluta voru Ligeti hugstæð alla tíð; vesturhluti þess sem nú er Rúmenía tilheyrði lengi Ungverjalandi og Ligeti fæddist á þeim slóðum, í þorpinu Dicsőszentmárton sem ber heitið Tárnäveni á rúmensku. Meðal æskuminninga hans var þegar hópur tónlistarmanna þusti inn í húsgarð fjölskyldunnar og lék þróttmikil þjóðlög á fiðlur og sekkjapípur.

Í nútímaeyrum hljómar *Rúmenski konsertinn* eins og framhald af ævistarfi Béla Bartóks; hann er áheyrilegur og kraftmikill, en fyrst og fremst afbragðs góð tónsmíð. En ungversk yfirvöld voru á annarri skoðun. Að lokinni fyrstu æfingu í Búdapest 1951 bárust þau boð að konsertinn væri kominn á svartan lista stjórnvalda, og hann var ekki fluttur opinberlega fyrr en tveimur áratugum síðar. Konsertinn er í fjórum þáttum sem hljóma án hlés, og tekur um 12 mínútur í flutningi. Hann hefst með íhugulum strengjakafli, en í kjölfarið fylgir fjörugt *Allegro vivace* sem minnir mjög á þjóðdansútsætningar Bartóks. Því næst kemur *Adagio* með tregafullum hornablæstri sem bergmálar í fjarska, en í lokapættinum (*Molto vivace*) lætur Ligeti allt flakka: hljómsveitin tekst á loft í trylltri balkansveiflu, með ofvirka einleiksfiðlu í broddi fylkingar.

Mefistö-valsinn hefur ekki áður heyrst í hljómsveitarbúningi, en fjöldi píanista hefur leikið hann hér á landi. Rögnvaldur Sigurjónsson og Þorsteinn Gauti Sigurðsson höfðu hann á efnisskrá sinni um árabíl, og af erlendum píanistum má nefna að Tamara Gúsjeva flutti verkið árið 1954, Philip Jenkins á Akureyri 1972, Pascal Rogé á Listahátíð 1976 og György Sebök í Íslensku óperunni árið 1991.

FRANZ LISZT

Mefistö-vals nr. 1 og Dauðadans

„Djöfulgangur“ af ýmsum toga var áberandi leiðarstef í bókmenntum og tónlist 19. aldar. Goethe vísaði veginn í þessum efnum með *Fást* (1808) og áhrifanna gætir víða í tónlistarsögunni, allt frá sönglaginu *Gretchen am Spinnrade* eftir Schubert til „dramatísku óratóriunnar“ *La damnation de Faust* eftir Berlioz, óperunnar *Faust* eftir Gounod og áttundu sinfóníu Mahlers. Snilldarfærni einleikara á hljóðfæri sitt var í hávegum höfð og margir trúðu því að helstu virtúósar tónlistarheimsins hefðu lagt lag sitt við kölska. Fíðlusnillingurinn Paganini var sagður hafa gert samkomulag við djöfulinn – eða jafnvel vera afkvæmi

hans – og sömu sögur komust á kreik um píanóvirtúósann Liszt skömmu síðar.

Franz Liszt (1811–1886) var maður sterkra andstæðna. Hann leitaði oft innblásturs í djöfulleg stef, og samdi meðal annars heila sinfóníu sem byggir á *Fást*. Þó var hann strangtrúaður, samdi fjölda kirkjulegra verka, fluttist til Rómar og gekk í reglu fransiskanamunka. Liszt samdi alls fjóra *Mefistö*-valsa, en af þeim er sá fyrsti þekktastur. Hann samdi verkið bæði sem hljómsveitarverk og fyrir píanóeinleik, og urðu báðar gerðirnar til á sama tíma þótt píanógerðin hljómi oftar í tónleikasölum heimsins. Verkið ber undirheitið *Dansinn á þorpskránni*, og Liszt sótti innblástur til skáldsins Nikulásar Lenau, sem hafði ritað eigin útgáfu á *Fást*-sögunni nokkrum áratugum á eftir Goethe. Tónskáldið lýsti atriðinu svo í efnisskrá við frumflutninginn:

„Í þorpskrá einni er haldin brúðkaupsgleði, með tónlist, dansi og drykkjusvalli. Mefistöfeles og *Fást* fara þarna hjá, og Kölski hvetur *Fást* til að ganga í salinn og taka þátt í gleðinni. Mefistöfeles grípur fiðlu úr hendi stírðbusalegs hljóðfæraleikara, og seiðir úr henni ólýsanlega tælandi og heillandi línur. Hinn ástsjúki *Fást* þeytist um gólfíð og hefur í fanginu blóðheita þokkadís úr þorpinu; í ástríðuflaumnum valsa þau út úr kránni og inn í skóg. Tónar fiðlunnar verða sífellt veikari, en næturgalinn tekur við og syngur ljúfa ástarsöngva undir atlotum elskendanna.“

Dauðinn var Liszt einnig hugstæður í tónsmíðum sínum eins og lesa má af heitum þeirra: *Dauðadans*, *Funérailles*, *Dauðagondóll* (La lugubre gondola), *Hugsað um dauðann* (Pensée des morts), o.s.frv. Minnið um dauðann á sér djúpar rætur í vestrænni listsköpun. Í myndlist endurreisnarinnar áttu dansandi beinagrindur að

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

*Dauðadansinn eftir Liszt hefur einu sinni áður
hljómað á Sinfóniutónleikum, árið 1984 í flutningi
Halldórs Haraldssonar.*

minna áhorfandann á hverfulleik jarðlífsins. Tónskáld 19. aldar, sem hrifust mörg af hinu fantastíska og gróteska, brugðu stundum á svipað ráð. Berlioz ruddi brautina með *Symphonie fantastique* (1830); þar er lokabátturinn trylltur nornadans og meðal annars vísað í gamlan gregorsöng, *Dies irae, dies illa*, sem sunginn var við sálumessu og tengdist því dauðanum órofa böndum. Í þýðingu Matthíasar Jochumssonar hljóða fyrstu vísuorðin á þessa leið:

Dagur reiði, dagur bræði
drekki jörð með logaflæði
votta heilög Völufræði.

Dauðans ógn, er Drottinn alda
dóm í skýjum fer að halda,
öllum makleg gjöld að gjalda.

Liszt var þaulkunnugur *Dies irae*-stefinu, bæði sem kirkjurækinn kaþólikki og ekki síður úr sinfóníu Berlioz, sem hann heyrði við frumflutninginn í París og útsetti síðar fyrir einleikspíanó. Nokkrum árum síðar var hann farinn að leggja drög að tilbrigðaverki fyrir píanó og hljómsveit, þó svo að það tæki hann næstum tvo áratugi að koma hugmyndum sínum í endanlegt form.

Lengi hefur verið talið að Liszt hafi sótt innblástur að *Totentanz* í myndlist: einn óáreiðanlegur ævisöguritari hans hélt því fram að hann hefði hrifist svo mjög af freskunni *Il trionfo della morte* (Sigur dauðans) í Campo Santo í Písa; aðrir vilja meina að áhrifavaldurinn hafi verið tréristuröð eftir Holbein sem í Þýskalandi gengur undir heitinu *Der Todtentanz*. Hvað sem því líður er þetta kraftmikla verk, sem samanstendur af sex tilbrigðum og löngum eftirmála um miðaldastefið, einkar áhrifamikið. Einleiksparturinn er djöfullega erfiður eins og vera ber, og oft furðu framsækinn. Slagverkskenndir tónaklasar upphafstaktanna minna jafnvel á *Sónötu fyrir tvö píanó og slagverk* eftir Béla Bartók, og kemur raunar ekki á óvart þar sem Bartók lék *Totentanz* margoft á tónleikum. Þó kemur ekki síst á óvart hversu fjölbreytt litbrigði tónskáldinu tekst að laða fram úr fremur stíðbusalegum efniviði. Mitt í öllum hamaganginum er að finna ljóðræna og draumkennda takta, til dæmis kliðmjúkan og vaggandi bátssöng í fjórða tilbrigðinu, þar sem Liszt virðist líta upp úr gröfinni skamma stund og horfa brosandí upp til himna.

Sjö píanistar hafa áður flutt Paganini-rapsódíuna með SÍ. Meðal þeirra eru Christina Ortiz (með Vladimir Ashkenazy við stjórnvölinn, 1975), Andrei Gavrilov (1990), Þorsteinn Gauti Sigurðsson (1994), og Lilya Zilberstein, sem lék einleik í tónleikaferð SÍ um Þýskaland og Austurríki árið 2007.

SERGEI RAKMANINOFF**Rapsódía um stef eftir Paganini**

Segja má að hálftrar aldar tónsmíðaferill Sergeis Rakmaninoffs (1873–1943) hefjist árið 1890, þegar hinn 17 ára nemi við Tónlistarháskólann í Moskvu hóf að semja fyrsta píanókonsert sinn. Í dag eru það einmitt konsertar Rakmaninoffs og einleiksverk fyrir píanó sem halda nafni hans á lofti, en stærstur fjöldi verka hans, m.a. símfóníur, kirkjutónlist og óperur, heyrast mun sjaldnar. Rakmaninoff lauk við hinn síðasta af fjórum píanókonsertum sínum árið 1926 og var á faraldsfæti við tónleikahald næstu árin; hann leit á sjálfan sig sem tónskáld fyrst og fremst, en neyddist til að halda tónleika til þess að sjá fjölskyldu

sinni farborða eftir að þau fluttust til Vesturlanda. Rakmaninoff var framúrskarandi píanisti og risavaxnar krumflur hans eru enn nefndar í Heimsmetabók Guinness sem þær stærstu sem vitað er um í faginu.

Árið 1933 spurði blaðamaður nokkur Rakmaninoff hvort hann væri alfarið hættur að semja. „Ekki alveg,“ svaraði tónskáldið, „ég sem tónlist þegar ég hvíli mig frá tónleikahaldi á sumrin“. En tónleikarnir tóku sinn toll og afköstin minnkuðu eftir því sem tímar liðu. Árið 1931 samdi Rakmaninoff einleikstillbrigði „um stef eftir Corelli“ – þ.e.a.s. um hið alkunna Fólíu-stef barokkskeiðsins – og þá liðu þrjú ár þar til hann hófst handa við Rapsódíuna um stef eftir Paganini. Frumflutningurinn fór fram í Fíladelfíu undir stjórn Leopolds Stokowskis í nóvember 1934 við mikinn fögnuð. Varla hefur Rakmaninoff grunað að þetta yrði síðasta verk sitt fyrir píanó, en sú varð engu að síður raunin; einu verkin sem hann átti eftir ósamin voru þriðja símfónían (1935–36) og Símfónískir dansar fyrir hljómsveit (1940).

24. kaprísan Nicolòs Paganinis er rúsínan í pylsuenda einhvers mesta fingurbrjóta-safns fiðlubókmenntanna: ellefu tilbrigði um sextán takta stef sem er ofureinfalt bæði í hljómaferli og rytma. Kaprísan hefur síðan orðið mörgu tónskáldinu efniviður. Schumann, Liszt og Brahms voru meðal þeirra fyrstu sem sóttu innblástur í þessa átt, en á 20. öldinni lögðu jafn ólík tónskáld og Witold Lutosławski og Andrew Lloyd Webber tóna í belg.

Rapsódía Rakmaninoffs hefst með snaggaralegum inngangi og stuttri „upphitun“ þar sem einungis heyrast bassagangur stefsins en ekki stefið sjálft. Því næst er Paganini-

stefið leikið af fiðlum, sem hlýtur að teljast viðeigandi þar sem þær þekkjja upprunalega gerð þess öðrum betur. Í fyrstu fimm tilbrigðunum eykst spennan stig af stigi, og í því sjöunda kynnir Rakmaninoff til leiks alls óskylt stef: *Dies irae*-sönginn úr sálumessu kaþólskra, sem ætti að vera orðið áheyrendum að góðu kunnugt eftir *Dauðadans* Liszts fyrir hlé. Hér leikur Rakmaninoff sér að því að gera stemninguna eins drungalega og hugsast getur, en aðeins um stundarsakir.

Þegar birtir til á nýjan leik taka við léttfættir menúettar og afslappaðri tilbrigði en áður, og ekki líður á löngu þar til kemur að 18. tilbrigðinu með hinu undurfagra stafi sem hefur öðru fremur tryggt verkinu ódauðleika. „Ég samdi þetta tilbrigði fyrir umboðsmanninn minn“ á tónskáldið að hafa sagt, en það breytir ekki því að snilldin er ótvíræð, ekki síst þegar haft er í huga að „nýja“ stefið er hvorki meira né minna en aðalstef Paganinis – reyndar að fyrstu tveimur nótunum undanskildum – snúið á hvolf. Eftir þetta draumkennda hliðarspor dembir einleikarinn sér á ný út í virtúósíska fingurbrjóta. Ef allt gengur að óskum sýna lokataktarnir hvort tveggja í senn, tæknilega yfirburði einleikarans og stórkostlegar tónsmíðagáfur Rakmaninoffs, sem hristir saman skælbrosandi léttleika, brúnaþunga jarðarfaramúsík og píanistíska flugeldasýningu af fyrstu gráðu.

Breski hljómsveitarstjórinn Eugene Goossens stýrði fyrsta flutningi Eldfuglsins hér á landi, á tónleikum Símfóníuhljómsveitarinnar í Þjóðleikhúsinu 1954. Síðan hefur verið hljómað 16 sinnum í flutningi Sí, að skólatónleikum ótöldum. Meðal þeirra sem haldið hafa um sprotann eru Jussi Jalas (1967), Paul Zukofsky (1980) og Vladimir Ashkenazy (2004).

ÍGOR STRAVINSKÍJ

Eldfuglinn, svíta



Ígor Stravinskij (1882–1971) var ekki nema 27 ára gamall árið 1909, þegar rússneski athafnamaðurinn Sergei Diaghilev pantaði af honum tónlist við *Eldfuglinn*, nýjan ballett handa dansflokkinum Ballets Russes. Stravinskij var raunar ekki með öllu óþekkt stærð. Hljómsveitarverk hans *Flugeldar* (Feu d’artifice) hafði verið flutt skömmu áður, auk þess sem hann hafði útsett nokkur píanólög eftir Chopin fyrir ballett Diaghilevs, *Les sylphides*. En Diaghilev tefldi á tvær hættur með því að setja traust sitt á svo ungt og að mestu óreynt tónskáld, enda leitaði hann ekki til Stravinskíjs fyrr en eftir að þrjú önnur tónskáld –

Ljadoff, Tsjérepnín og Glasúnoff – höfðu neitað að taka það að sér. Stravinskij sá strax að hér var um einstakt tækifæri að ræða, lagði til hliðar hálfsamda óperu og vatt sér umbúðalaust að nýja verkinu. *Eldfuglinn* var frumfluttur í Parísaróperunni í júní 1910 við feykigóðar undirtektir, sem urðu til þess að þeir Diaghilev héldu samstarfinu áfram með *Petrúsku* (1911) og *Vorblóti* (1913).

Sögubrúð ballettsins spann dansahöfundurinn Michel Fokine úr rússneskum þjóðsögum. Hér segir af unga prinsinum Ívan, sem reynir að handsama eldfuglinn göldróttu en hefur ekki erindi sem erfiði. Ívan hrífst af prinsessu einni sem er í haldi Kastseis hins illa, en liðsmenn hans handtaka prinsinn og allt útlit er fyrir að hann mæti sömu örlögum og aðrir vonbiðlar prinsessunnar: þeim hefur öllum verið breytt í stein. Á ögurstundu minnst Ívan þess að hann hefur fjöður eldfuglsins í fórum sínum. Þegar hann veifar fjöðrinni birtist eldfuglinn og með töfrum sínum magnar hann upp ofsafenginn vítisdans sem Kastsei og liðsmenn hans dansa án þess að fá við nokkuð ráðið. Því næst svæfir eldfuglinn Kastsei með angurværri vögguvísu og tjáir prinsinum að eina leiðin til þess að eyða mætti Kastseis sé að brjóta fjöregg hans. Prinsinn kastar fjöregginu til jarðar og náttmyrkrið sem hafði umlukið ríki Kastseis víkur fyrir nýjum degi. Steinrunnir vonbiðlarnir vakna aftur til lífsins og verkinu lýkur á mikilfenglegum gleðidansi.

Margir hafa orðið til að benda á þversögnina sem felst í því að eftir því sem Stravinskij, sem var heimsborgari fram í fingurgóma, naut meiri vinsælda á heimsvísu, þeim mun rússneskari hafi tónlist hans orðið. *Eldfuglinn* stendur við upphaf þeirrar

Þróunar og tónmál verksins er að mörgu leyti „alþjóðlegra“, jafnvel þótt Stravinskíj noti rússnesk þjóðlög bæði í dansi prinsessanna og í vöggulagi eldfuglsins. Hið síðarnefnda er leikið á fagott við lágróma strengjaundirleik, og er dæmigert fyrir tónlistina sem táknar eldfuglinn sjálfan í verkinu, smástíg og framandi, gjörólik tónlistinni sem hljómar þegar Ívan prins og prinsessurnar eru í forgrunni. Sem heild er tónlist Stravinskíjs mun hefðbundnari en í verkunum sem á eftir fylgdu. Margt minnir á kennara hans, Rímskíj-Korsakoff – til dæmis *Sheherazade* –, Glinka og jafnvel Skrjabín. Þó bregður einnig fyrir köflum þar sem heyrast glitta í *Vorblótið*, ekki síst í kraftmiklum rytmaleiknum í vítisdansinum fræga.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

Á DÖFINNI

TÓNLEIKAR 16. SEPTEMBER



Sinfóníur Gustavs Mahler eru einhver mögnuðustu tónverk sem um getur, og flutningur þeirra telst ávallt til stórviðburða. Næsta fimmtudagskvöld flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands sinfóníu nr. 1 eftir Mahler, sem er eitt hans aðgengilegasta og jafnframt áhrifamesta verk, undir stjórn hins frábæra franska hljómsveitarstjóra Lionel Bringuier. Einnig kemur fram á tónleikunum breska sópransöngkonan Emma Bell, sem hefur slegið í gegn bæði í Metropolitan-óperunni í New York og í Covent Garden í Lundúnum. Hún söng með Sinfóníunni í júní 2009 og hlaut þá standandi lófatak tónleikagesta í þakklætisskyni.

Í þetta sinn flytur hún *Fjóra síðustu söngva* (Vier letzte Lieder) eftir Richard Strauss, sem margir telja einhverja þá fegurstu tónlist sem samin hefur verið fyrir sópranródd.

VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON

BACH - CHOPIN
PRELÚDÍUR OG PARTÍTUR



ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

SALNUM KÓPAVOGI
26. NÓVEMBER 2010



HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 10. SEPTEMBER 2010

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Tulinius
Andrzej Kleina
Ágústa María Jónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Martin Frewer
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Zbigniew Dubik
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Þóris Stross
Dóra Björgvinsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Mark Reedman
Ólöf Þorvarðsdóttir
Pálína Árnadóttir
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Christian Diethard

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Alfreðsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Sesselja Halldórsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Inga Rós Ingólfsdóttir
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarinett

Rúnar Óskarsson
Sigurður I. Snorrason

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jessica Buzbee
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Tim Buzbee

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson

samstarfsaðilar



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Vertu þinn eigin listræni stjórnandi

REGNBOGAKORTIÐ

Veldu 4 tónleika eða fleiri af efnisskrá starfsársins og tryggðu þér afslátt og fast sæti. Kynntu þér fjölbreytta efnisskrá á www.sinfonia.is



JÓNSSON & LITMÆSS • HJÚS • SÍA

ÞÁDALSTYRKARABÍLAR

BORGUN



Morgunblaðið

Porgy and Bess

Stórvirki Gershwin-bræðra



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

GORGY AND BESS®

Fim. 07.10.10 » 19:30

Fös. 08.10.10 » 19:30

• **George og Ira Gershwin, DuBose og Dorothy Heyward:** *Porgy and Bess*®

Wayne Marshall hljómsveitarstjóri

Rodney Clarke Porgy

Indira Mahajan Bess

Angela Renée Simpson Serena/Maria

Ronald Samm Sportin Life

Hljómeyki/ Kór Áskirkju

Magnús Ragnarsson kórstjóri

Lögin úr Porgy and Bess eru löngu orðin ódaudleg; Summertime, I got plenty o' nuttin', Bess, You is my woman now, It ain't necessarily so. Stórvirki í flutningi Sinfóníunnar og fjögurra erlendra úrvalssöngvara.

Miðasala á www.sinfonia.is og 545 2500

*„Lífið er eins og djass ...
það er best að improvisera.“*

George Gershwin



ADALSTYRKARADILAR

BORGUN  Morgunblaðið